

Fljótsdalshérað  
Ómar Þröstur Björgólfsson  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Umhverfisstofnun
Ab.
29 APR. 2009 54.22
Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. apríl 2009  
Tilvísun: UST20080800002/ksj

### Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 6. mars sl. þar sem þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028. Umhverfisstofnun sendi inn umsögn við fyrri drög þann 11. febrúar sl. en þau drög innihéldu hvorki umfjöllun um efnistöku né umhverfismat.

Umhverfisstofnun ítrekar fyrri umsögn og gerir jafnframt eftirfarandi athugasemdir.

#### Nýting landgæða

Í umfjöllun um skógrækt kemur fram að Héraðsskógar og Austurlandsskógar stjórna og skipuleggja uppbyggingu skógræktar á Fljótsdalshéraði og að árið 2007 voru 92 jarðir sammingsbundnar í verkefninu. Fljótsdalshérað er að stórum hluta hálent svæði og vill Umhverfisstofnun því minna á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi ofan 500 metra óheimil, eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“ Að mati Umhverfisstofnunar ætti aðalskipulagið að gera grein fyrir þessari takmörkun skógræktar.

#### Efnistökusvæði

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að umfjöllun um efnistöku í aðalskipulagi endurspegli áætlaða efnispörf sveitarfélagsins á gildistíma skipulagsins og áætlun um hvert á að sækja það efni. Í umfjöllun um efnistöku þyrfti einnig að koma fram framtíðaráætlun um magn og umfang efnistöku hveurrar námu. Umhverfisstofnun bendir á að í tillögu að aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs er langur listi yfir námur en engar frekari upplýsingar fylgja um námurnar s.s. áætlaðan nýtingartíma og áætlað magn efnistöku. Ljóst er að á viðkomandi lista eru námur sem til stendur að ganga frá í nánustu framtíð og einnig námur sem þegar hefur verið gengið frá og Umhverfisstofnun hefur vottað frágang þeirra, sem dæmi má nefna E 15, E 59, E 45, E 46 og E 17. Að mati Umhverfisstofnunar endurspeglar umfjöllun skipulagstillögunnar um efnisnámur ekki á nokkurn hátt fyrirhugaða efnistöku í sveitarfélaginu á gildistíma sveitarfélagsins.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að varúðar sé gætt við efnistöku á verndarsvæðum en undirstrikar að aðalatriðið er að við veitingu framkvæmdaleyfis setji sveitarfélagið skilyrði fyrir vinnslu til að útiloka að náttúruminjar verði fyrir raski.


### Hafnarsvæði

Umhverfisstofnun tekur undir að varúðar sé gætt ef olíumannvirki verði staðsett við höfn í Skipavík sunnan Fellabæjar og skal fara að reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi varðandi staðarval olíugeyma og meðhöndlun olíu. Í umfjöllun um hafnarsvæðið í Skipavík sunnan Fellabæjar kemur fram að svæðið er hluti af svæði á náttúruminjasrá. Ofangreint svæði er nr. 647 á náttúruminjasrá, **Finnstaðanes og Egilsstaðanes**, en þar er: „*Allmikið og fjölbreytt fuglalíf, líklega eitt hið auðugasta á Héraði*“ eins og segir í skránni. Umhverfisstofnun bendir á að þar af leiðandi er svæðið einstaklega viðkvæmt gagnvart mengun olíu.

Virðingarfyllt



Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Ólafur A Jónsson  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun